



Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um þjónustusamning við Spörvar líknarfélag Reykjavík vegna áfangaheimilisins Draumasetrið

Á fundi velferðarráðs þann 21. maí 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um þjónustusamning við Spörvar líknarfélag Reykjavík vegna áfangaheimilisins Draumasetrið, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki meðfylgjandi drög að þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við Spörvar líknarfélag Reykjavík til loka árs 2027. Kostnaður við samninginn, sem er 15 m.kr. á ári á samningstímanum, rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Velferðarráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Velferðarráð samþykkir samning um þjónustu við áfangaheimilið Draumasetrið. Mikið og gott starf er unnið á Draumasetrinu en samningurinn sem er hér samþykktur mun efla stuðning og styrkja faglegt starf. Stuðningurinn sem velferðarráð veitir felur í sér 15 milljóna króna fjárframlag árlega í þrjú ár. Um er að ræða mikilvægan hlekk í bataferli þeirra sem hafa lokið áfengis- og vímuefnaæðferð.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir

Sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um þjónustusamning við Spörvar líknarfélag Reykjavík vegna áfangaheimilisins Draumasetrið, lögð fram á fundi velferðarráðs 21. maí 2025.

Drög að samningi Reykjavíkurborgar og Spörva líknarfélags Reykjavík um þjónustu á áfangaheimilinu Draumasetrinu, maí 2025.

Fyrstu skrefin – greinargerð vegna námskeiðs

Húsreglur Draumaseturs

Ársreikningur Spörva líknarfélags 2023

Jafnréttisskimun vegna þjónustusamnings við Spörvar líknarfélag.



Reykjavík



Reykjavík, 19. maí 2025
VEL25050030

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Þjónustusamningur við Spörvar líknarfélag Reykjavík vegna áfangaheimilisins Draumasetrið

Lagt er til að velferðarráð samþykki meðfylgjandi drög að þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við Spörvar líknarfélag Reykjavík til loka árs 2027. Kostnaður við samninginn, sem er 15 m.kr. á ári á samningstímanum, rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Spörvar líknarfélag Reykjavík hefur rekið áfangaheimilið Draumasetur að Héðinsgötu 10 síðan í desember 2012. Draumasetrið er tímabundið leiguhúsnæði sem ætlað er einstaklingum 18 ára og eldri, sem lokið hafa vímuefnaferð, neyta ekki vímuefna, eru í virkri endurhæfingu og þurfa stuðning til þátttöku í samfélaginu á nýjan leik.

Elín Arna Arnardóttir Hannam, áfengis og fíkniráðgafi og Ólafur Haukur Ólafsson reka Draumasetrið og eru ábyrg fyrir rekstri þess, en yfir félaginu er stjórn. Ólafur hefur unnið með einstaklingum sem hafa glímt við fíknivanda í yfir 20 ár. Starfandi er einn fastráðinn starfsmaður sem hefur mikla reynslu í að vinna með konum sem eiga að baki umfangsmikla neyslu. Að sögn Ólafs leggja allir starfsmenn og sjálfboðaliðar fram sakavottorð við ráðningu og eða aðstoð við kennslu.

Á Draumsetrinu er pláss fyrir 40 einstaklinga (í einstaklingsherbergjum) en auk þess rekur félagið áfangaheimili á Stórhöfða 15 fyrir 25 manns. Draumasetrið á Héðinsgötu 10 er 960 fm. á þremur hæðum. Í húsinu er kaffihús sem rúmar 60 manns og er það mikið notað fyrir fundi og námskeið. Tvö sjónvarpsherbergi eru í húsinu og hafa íbúar einnig aðgengi að interneti, þeim að kostnaðarlausu. Þvottahús, vel tækjum búíð, er til afnota fyrir íbúa, einnig eru þrjú eldhús í húsinu.

Draumasetrið Stórhöfða 15 er rúmir 650 fm. en þar dvelja einstaklingar sem eru komnir lengra í bataferlinu og eru flestir þeirra í virkniúrræði eða vinnu.

Mánaðarleiga á Draumsetrinu er á bilinu 135.850 kr. til 141.000 kr. allt eftir stærð herbergis. Íbúar geta sótt um húsnæðisbætur og sérstakar húsnæðisbætur og aðstoða starfsmenn Draumasetursins oft íbúa við það. Innifalið í leigu er fullbúið herbergi með



Reykjavík



rúmi, fataskápum, stól og kommóðu. Heimilið útvegar sængur og sængurver fyrir íbúa ef óskað er eftir því. Þvottaaðstaða er á heimilinu og sér Draumasetrið um kaup á þrif- og hreinlætisvörum fyrir íbúa húsanna. Enginn hússjóður er á heimilunum. Íbúar Draumasetursins sinna húsverkum alla daga og hjálpast að við að halda sínum vistarverum hreinum ásamt sameiginlegum rýmum í húsinu.

Í húsreglum (fylgiskjal 1) kemur fram að grunnur að rétti til búsetu er líf án neyslu áfengis og/eða fíkniefna og er einstaklingur sem byrjar neyslu látinn yfirgefa húsnæði umsvifalaust. Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni er hins vegar reynt að veita þeim sem þurfa að yfirgefa húsið stuðning í formi þess að einstaklingurinn kemur á hverjum degi í 10 daga og sýnir fram á vilja og getu til að stöðva neysluna. Á 10. degi er tekið vímuefnapróf og þá fær einstaklingurinn að flytja inn í húsnæði sitt að nýju.

Samkvæmt upplýsingum frá forstöðumanni hafa um 90% þeirra sem dvalið hafa á heimilinu verið með lögheimili í Reykjavík. Á Draumasetrinu geta dvalið öll kyn en karlmenn eru í miklum meirihluta en konur hafa verið frá 8-10% íbúa í gegnum árin.

Á heimasíðu Draumasetursins kemur m.a. fram að íbúar hússins eru hvattir til að sækja AA fundi, vera með trúnaðarmann og vinna eftir 12 spora kerfi AA samtakanna. Einnig þurfa allir að fylgja ákveðnum reglum, mæta á morgunfundi og húsfundi, ásamt því að vinna húsverk og fylgja reglum um útvistartíma. Einnig stendur íbúum til boða samtal með starfsmanni sem er útskrifaður frá Ráðgjafaskóla Íslands. Starfsfólk Draumaseturs leggur sig fram við að aðstoða og vera íbúum hússins innan handar eftir fremsta megni og ráðleggja varðandi þau málefni sem hver einstaklingur er að glíma við hverju sinni.

Í drögum að samningi (fylgiskjal 2) kemur fram að Draumasetrið fær stuðning til að bjóða íbúum, sem ekki eru í skóla, vinnu eða endurhæfingarúræðum námskeiðið *Fyrstu skrefin* (fylgiskjal 3). Markmið námskeiðsins er m.a. að stuðla að áframhaldandi edrúmennsku, læra að taka ábyrgð í samskiptum, vinna í fjármálum, og tengslum við fjölskyldu. Námskeiðið fer fram alla virka daga fyrir hádegi og þátttakendur vinna á grundvelli einstaklingsáætlunar. Þau sem leiða námskeiðið er fagfólk sem unnið hefur til margra ára með fólki sem hefur barist við fíknisjúkdóma, s.s. áfengis- og fíkniráðgjafar, uppeldis- og fjölskyldufræðingur, lögfræðingur og markþjálfari. Draumasetrið greiðir TC (Teen Challenge) fyrir námsgögn og aðstoð á grundvelli samnings. Yfirmaður TC á Ísland er Svava Björg Mörk, aðstoðarprófessor við Menntavísindadeild Háskóla Íslands.

Fyrsta námskeiðið var haldið fyrri part árs 2024 og sóttu það 18 manns. Að sögn Ólafs reyndist það svo vel að ákveðið var að halda það aftur á haustönn en þá sóttu það 20 manns. Nú fyrri part árs 2025 hefur fjöldinn verið 20-25 manns og bætist í eftir sem nýir einstaklingar flytja inn. Sú nýbreytni sem fólst í að byrja hvern morgun kl. 08:00 með morgunverði, íbúum að kostnaðarlausu, reyndist vel.



Reykjavík



Draumasetrið fékk styrk frá velferðarráði 1 m.kr. á árinu 2024 til námskeiðahalds. Konur hafa verið um 10 % þeirra sem sækja námskeiðið.

Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála hefur veitt Spörvum leyfi til að veita aðstoð með vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda. Leyfið gildir til 21. maí 2029.

Fylgiskjöl:

1. Drög að þjónustusamningi
2. Fyrstu skrefin
3. Húsreglur Draumaseturs
4. Ársreikningur 2023
5. Jafnréttisskimun



Reykjavík

VEL25050030

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, Reykjavík, í samningi þessum nefnt þjónustukaupi og Spörvar líknarfélag Reykjavík, kt. 411104-2650, Héðinsgötu 10, 105 Reykjavík, í samningi þessum nefndur þjónustusali, gera með sér svohljóðandi

S A M N I N G

um þjónustu á áfangaheimilinu Draumasetrinu

Áfangaheimilið Draumasetrið er tímabundið leiguhúsnæði sem ætlað er einstaklingum 18 ára og eldri, sem lokið hafa vímuefnaeðferð, neyta ekki vímuefna, eru í virkri endurhæfingu og þurfa stuðning til þátttöku í samfélaginu á nýjan leik. Nýir íbúar, sem ekki eru í skóla eða endurhæfingarúrræðum taka þátt í námskeiðinu *Fyrstu skrefin*. Allir einstaklingar sem dvelja á áfangaheimilinu setja sér markmið sem fram koma í einstaklingsáætlun og skuldbinda sig til að hlíta húsreglum heimilisins.

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi tekur til sértækra þjónustuverkefna sem þjónustusali innir af hendi vegna einstaklinga sem hafa lokið áfengis- og vímuefnaeðferð með lögheimili í Reykjavík.

2. gr.

Markmið samnings

Markmið með samningi þessum er að veita einstaklingum sem hafa lokið áfengis- og vímuefnaeðferð húsnæði ásamt því að veita ráðgjöf og stuðning til að ná tökum á lífi sínu og breyttum lífnaðarháttum í kjölfar meðferðar við áfengis- eða vímuefnaröskun.

3. gr.

Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á V. og XIII. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum, varðandi félagslega ráðgjöf, vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda.

Samningur þessi var samþykktur í velferðarráði þann **xx.xxxxx** 2025.

Þjónusta sem þjónustusali tekur að sér að veita samkvæmt samningi þessum, skal unnin samkvæmt gildandi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Þjónustusali skal hafa gilt rekstrarleyfi frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

4. gr.

Skilgreining á þjónustu sem samið er um

Þjónustan sem samið er um og þjónustusali veitir er eftirfarandi:

- Að veita einstaklingum tímabundið húsnæði á áfangaheimili í kjölfar áfengis- eða vímuefnaeðferðar.
- Að veita einstaklingum ráðgjöf og stuðning á grundvelli einstaklingsáætlunar og gera einstaklingum kleift að ná bata með þátttöku í skipulagðri dagskrá hjá þjónustusala.
- Að tryggja að ráðgjöf og fræðsla sé veitt af fagaðila með menntun á sviði heilbrigðis-, félags- og menntavísinda eða áfengis- og vímuefnaráðgjafar.
- Annar stuðningur og þjónusta sem þátttakendum stendur til boða, s.s. jafningjastuðningur og stuðningur til að sækja um húsnæðisbætur.

5. gr.

Fjárhæðir og greiðslutilhögun

Þjónustukaupi greiðir þjónustusala samtals kr. 15.000.000 til ofangreindra verkefna ár hvert á samningstímanum og greiðist framangreind fjárhæð í þremur jöfnum greiðslum ár hvert, sem hér segir, í maí, september, að því gefnu að ársreikningi hafi verið skilað og í desember, að því gefnu að stöðuskýrslu hafi verið skilað. Fyrsta greiðsla fer fram við undirritun samnings.

Samningsupphæð mun taka breytingum samkvæmt þeim verðlagsforsendum sem verða á fjárhagsramma velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um hver áramót. Fjárveitingar borgarinnar eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á hverju ári. Feli fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar í sér

hagræðingarkröfu til þjónustukaupa getur samningsfjárhæð samnings þessa tekið breytingum til lækkunar.

Komi upp sú staða á samningstímanum að þjónustusali fullnýti ekki fjármagn samkvæmt samningi þessum skal hann endurgreiða þjónustukaupa það fjármagn.

Þjónustusali ber alla faglega og rekstrarlega ábyrgð á framangreindri starfsemi og fjárhagsskuldbindingar þjónustusala eru þjónustukaupa óviðkomandi.

6. gr.

Samráð/samstarf

Samningsaðilar munu á samningstímanum vinna að því að gott og öflugt samstarf verði milli aðila varðandi þjónustu við einstaklinga sem dvelja á áfangaheimilum þjónustusala.

Aðilar skulu hafa með sér samráð á samningstímanum um verkefnin sem samið er um. Þjónustukaupi mun eiga stöðufund með þjónustusala um framkvæmd samningsins tvisvar sinnum á ári og ber þjónustukaupi ábyrgð á því að boða til fundar. Hvor samningsaðili fyrir sig getur óskað eftir auka stöðufundi ef þurfa þykir.

Komi upp sú aðstaða á samningstímanum að þjónustusali telji sér ekki unnt að standa að fullu við skuldbindingar samkvæmt samningi þessum skal þjónustukaupa tilkynnt um það án tafar.

7. gr.

Skýrslur, eftirlit og árangur

Þjónustusali skal fyrir 1. október ár hvert, sem samningur þessi er í gildi, skila skýrslu um þjónustuverkefnið, s.s. um starfsemi þjónustusala, umfang starfsins, verkefni, fjölda einstaklinga sem nýta sér þjónustu, mat á árangri og annað sem þjónustan nær yfir. Þjónustukaupi skal vera upplýstur um heildarfjölda þeirra einstaklinga sem sækja þjónustu og hlutfall Reykvíkinga. Óskað er eftir kyngreindum gögnum þ.e. upplýsingar um fjölda í þjónustu eftir kyni. Þjónustusali skal skila upplýsingum samkvæmt þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli 4. gr. samnings þessa.

Þjónustusali skuldbindur sig til að skrá upplýsingar um fjölda einstaklinga, lögheimili, nýtingu og upplýsa þjónustukaupa þar um.

Lokaskýrslu skal skila við lok samningstíma þar sem fram kemur heildarfjöldi þeirra sem búið hafa á áfangaheimili þjónustusala, tekið þátt í námskeiðinu *Fyrstu skrefin* og lokið því. Getið skal um hlutfall Reykvíkinga og skulu upplýsingar um fjölda þjónustuþega vera kyngreindar.

Þjónustusali skal senda þjónustukaupa ársreikning félagsins um leið og hann liggur fyrir og eigi síðar en í ágúst hvert ár. Miðað skal við skiladag ársreikninga. Ársreikningur skal innihalda sundurliðað rekstraryfirlit, þar sem kostnaður við framkvæmd samnings er aðgreindur frá öðrum kostnaði hjá þjónustusala.

Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er í formi fyrrnefndra upplýsinga um þjónustuverkefni og með stöðufundum þjónustukaupa og þjónustusala samkvæmt 6. og 7. gr. samnings þessa.

Þjónustukaupa er heimilt að gera úttekt á starfseminni hvenær sem er á samningstímanum.

8. gr. Þagnarskylda

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái ekki aðgang að þeim. Þjónustusali og starfsfólk hans er bundið þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi.

Þagnarskylda helst þó svo að samningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsfólk þjónustusala lætur af störfum.

Við störf sín skuldbindur þjónustusali sig til að hlíta skilyrðum varðandi vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

9. gr. Uppsögn

Uppsögn samningsins skal vera skrifleg og skal uppsagnarfrestur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst. Skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir bæði gagnvart þjónustusala og þjónustukaupa.

10. gr. Vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu samningsaðilar leitast við að jafna ágreining sinn.

Vanefni þjónustusali samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum, getur þjónustukaupi krafist tafarlausra úrbóta innan hæfilegs tímafrests. Falli þjónusta niður eða

skerðist verulega er þjónustukaupa heimilt að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar.

Þjónustusali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

Ef greiðslur frá þjónustukaupa til þjónustusala er notaður í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur þjónustukaupi sér rétt til að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð.

11. gr. Force majeure

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.

12. gr. Starfsfólk

Þjónustusali skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsfólk sitt og aðra er koma að framkvæmd þjónustu.

13. gr. Ágreiningsmál

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

14. gr. Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

15. gr. Breytingar á samningi og breyttar forsendur

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi.

16. gr.
Gildistími samnings

Samningurinn er tímabundinn og gildir til frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, x. maí 2025.

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Spörvars líknarfélags

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri

Ólafur Haukur Ólafsson,
framkvæmdastjóri

Greinargerð vegna námskeiðs.

Fyrstu skrefin

Líf án áfengis og fíkniefna

Staða og framvinda námskeiðsins (skólans)

Námskeiðið hefur gengið afar vel og er mikil ánægja meðal þáttakenda og sjást mikil framstig hjá þeim öllum hvað varðar tjáningu, samskipti og framtíðarsýn. Skjólstæðingar okkar sem ekki eru í öðrum úrræðum eða skóla taka þátt í þessu námskeiði og er það skylda. Það sem við byggjum á í þessari kennslu eru fyrstu skrefin án áfengis og fíkniefna. Það er gert í formi fyrirlestra, bóklegri vinnu, grúbbuvinna og einstaklingsáætlun. Allir eiga kost á einkaviðtölum sem allir notfæra sér og er þá unnið með áföll og aðra hluti sem hafa oft á tíðum hafa verið hvati að neyslu.

Þáttaka íbúa í námskeiðinu:

Áfangahúsið hefur verið með milli 18 og 20 manns 5 daga vikunnar á námskeiðinu, það er skyldumæting hjá þeim sem koma nýjir í húsin og eru ekki í öðrum úrræðum eins og Grettistaki, Hringsjá, Virk eða Teigum. Þetta námskeið mælist mjög vel fyrir og eru margir magnaðir vitninsburðir um breytt hugarfar, sjá fólk losna úr félagslegri einangrun og breytt sjálfsmat komið fram. Námskeiðið byggist fyrst og fremst á að byggja einstaklinga upp til að takast á við lífið án vímuefna. Þetta á við leiðsögn um breyttan samskiptahóp, samfélag við þá sem eru að vinna að sömu markmiðum og síðast enn ekki síst heiðarleika í samskiptum. Allir sem eru hjá okkur búa hafa ekki annað búsetuúrræði enn áfangaheimili og treysta þau á handleiðslu fagfólks hvað varðar næstu skrefin.

Heiti námskeiðsins er „Fyrstu skrefin“ og er það einmitt grunnþáttur í því að ná árangri í sinni edrúmennsku þ.e.a.s. leggja inn rétta hluti í líf sitt til þess að það megi gefa ávöxt. Læra að taka ábyrgð í samskiptum okkar, vinna í fjármálum okkar og tengingu við fjölskyldu okkar sem oft á tíðum er afar brotinn. Það sem kemur fram hjá íbúum okkar er ótti við framtíðina, tenging við samfélagið og húsnaðismál þeirra, enda er leiðin ekki greið fyrir þenna hóp í þeim málaflokk.

Starfsfólk okkar

Við leggjum metnað okkar í að hafa fagfólk sem leiðir vinnuna ásamt gríðalega öflugum hóp einstaklinga sem unnið hafa til margra ára með fólki sem barist hafa við fíknisjúkdóma. Þetta á við um áfengis og fíkniráðgjafa, uppeldis og fjölskyldufræðing, markþjálf, lögmann ásamt stjórnendum Meðferðarstofnanna sem sækja okkur heim með fyrirlestra. Sú sem stjórnar starfsteypinu er Aðstoðarprófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands ásamt að vera með sterkan faglegan grunn í vinnu með fíkniefnaneytendur. Öll hafa þau stundað viðhalds námskeið til að halda við þekkingu sinni í þessum síbreytilega neysluheimi.

Elin Arna Arnadóttir Hannam Áfengis og fíkniráðgjafi er sú sem stýrir faglegri vinnu á áfangahúsunum okkar ásamt Kristínu Terraazas sem er með margra ára reynslu í þessum málaflokki og heldur hún utan um daglegan rekstur húsanna ásamt undirrituðum sem starfað hefur í þessum málaflokki til tuga ára og ber ábyrgð á almennum rekstri húsanna.

Mat á árangri starfseminnar:

Við sjáum gríðalegar breytingar á þáttakendum námskeiðsins og á það við um umgengni, ábyrgð og sjálfsstjórn. Við sjáum von myndast þar sem áður var vonleysi og einstaklingar uppgvóta hæfileika og hæfni til að taka ný skref. Sjálfsvirðing eykst stöðulega og hæfni til að taka þátt í samræðum og samskiptum við fólk eykst. Daglega sjáum við einstaklinga takast á við erfiða hluti í hóp af fólki sem þau treysta og geta sótt dómgreind hjá. Besta leiðin til að sjá og meta árangur eru samræður við gjörbreytta einstaklinga fulla af von. Námskeiðið hefur líka byggt upp agastjórnin einstaklingana þess að þurfa að vakna á morgnanna, borða morgunverð og eiga eðlileg samskipti við aðra á jafningjagrundvelli. Við höfum og við sjáum daglega breytingar á annars oft lokuðum einstaklingum sem eru fullir af skömm og hlaðnir kvíða og ótta. Allir íbúar vinna eftir einstaklings áætlun sem byggist á einkaviðtölum, eftirfylgni og útvegum sérhæfðrar hjálpar til handar þeim.

Nokkrar athugasemdir þáttakenda:

„ Hélt að mér gæti ekki liðið svona vel eins og í dag“

„ Hlakka til að vakna á morgnanna og fara á þetta frábæra námskeið“

„ Fyrsta skipti sem ég finn að ég á séns fyrir þessum sjúkdóm“

„ Þarna næ ég mér í dómgreind og tillögur um breytta líðan til að vinna eftir“

„ Vildi óska að við gætum verið að allan daginn“

Tímaleg tilhögun námskeiðsins

Við byrjum alla morgna á staðbundnum morgunverð og myndast þá eining innan hópsins sem skilar sér í öflugri þáttöku þeirra í námskeiðinu fyrir utan að þetta er hluti af agastjórnun þeirra þess að vakna á morgnanna og neyta holls morgunverðar áður enn farið er inn í daginn.

Kl 09;00 er almennur húsfundur þar sem allir eru með og einnig þeir sem eru að fara í önnur úrræði síðar um daginn. Dagskrá er síðan fram að hádegi með kennslu, fyrirlestrum frá starfsfólki og eða gestum. Unnið er eftir viðurkenndu meðferðar prógrammi sem er byggt ef á tug ára reynslu og gríðalegum árangri sem þessi námskeið hafa skilað.

Upplýsingar um ráðstöfun fjármagns:

Fjármagn sem þar er notað í efniskaup, aðföng og fyrst og fremst laun ábyrgðaraðilanna sem halda utan um námskeiðið, húsið og skipulag. Efnið sem við notum kemur frá einum þekktustu meðfreðarsamtökum í heiminum, en þeir státa af 75% árangri eftir 5 ár og er það gríðaleg góð útkoma sem þekkist ekki í hinum vestræna heimi. Við greiðum til þeirra Íslensku samtaka sem hafa þýtt og staðhæft efnið ásamt fyrirlesurum á þeirra vegum. Í áætlunum okkar var að fara með þáttakendur í hópeflis ferðir þar sem gist væri yfir nótt og skipuleggja skemmtilega kennslu og afþreyingu fyrir þau. Líknarfélagið okkar hefur lagt til fjármagn sem hefur vantað uppá en félagið hefur ávallt staðið við sínar skuldbindingar og ársreikninga skil síðastliðinn 12 ár. Þess má geta að þetta er í fyrsta skipti sem við fáum áheyrn frá Borginni að hennar frumkvæði og það á rúmum 12 árum sem við höfum verið í rekstri Áfangaheimilis og erum við afar þakklát fyrir það.

Lokaorð:

Spörvar sem rekur Draumasetrin hafa skilað yfir 300 þúsund gistinóttum og eru Reykvíkingar tæp 90 % af þessum hóp. Draumasetrið er langstærsta áfangaheimili landsins og er nánast eina úrræði fyrir heimilslausa einstaklinga sem ekki hafa neitt bakland. Þrátt fyrir að þessi hópur sé gríðalega viðkvæmur þá er árangur þeirra frábær, en um 62% íbúa í húsunum hefur verið án Áfengis/fíkniefna í 18 mánuði eða meira. Miðað við stöðu og árangur úr áfengismeðferðum á Íslandi sem kannski skila rétt 10% árangri eftir 2 ár, þ.e.a.s. að 90 af hverjum 100 eru fallinn í neyslu að nýju.

Spörvar Líknarfélag er skuldlaust félag með engin lán eða aðrar ábyrgðir. Í þessi rúm 12 ár hefur félagið ávallt greitt sín útgjöld á réttum tíma og staðið skil á öllum gjöldum hins opinbera. Félagið greiddi til dæmis þann 1 maí 4,485.871- í leigu eingöngu og er rekstrarkostnaður fyrir utan námskeiðshaldið yfir 130 milljónir á ári og fer hækkandi nánast í hverjum mánuði. Við rákum okkar heimili launalaus fyrstu tæpu fimm árin og bjuggum á heimilinu á þeim tíma, allt okkar fjármagn fór í uppbyggingu heimilanna í formi nýrra húsgagna í herbergi og annað til að gera fallegt og kærleiksríkt heimili, sem það er í dag. Í dag eru 67 einstaklingsherbergi til afnota og er alltaf fullt og biðlisti oft á tíðum langur. Okkar stærsti tengiliður er Reykjavíkurborg í gegnum velferðarskrifstofur þeirra og er Draumasetrið mikilvægur þáttur í útvegum búsetur fyrir skjólstæðinga velferðarsviðs.

Með vinsemd og virðingu,

Ólafur Haukur Ólafsson
Spörvar Líknarfélag Reykjavík
Sími 776-8008
draumasetrid@draumasetrid.is
draumasetrid@gmail.com
draumasetrid.is

Sérákvæði við búsetusamning (leigusamning) vegna dvalar á Áfangaheimili Spörvars Líknarfélags

Draumasetrið sem rekið er af Spörvar Líknarfélag er ekki leigumiðlun í skilningi leigulaga þar sem heimilið er eingöngu ætlað sem dvalarstaður fyrir einstaklinga sem hafa verið að berjast við neyslu áfengis og eða fíkniefna en eru ekki í virkri neyslu. Grunnur af rétti til búsetu er líf án neyslu áfengis og eða fíkniefna og er einstaklingur sem byrjar neyslu látinn yfirgefa húsnæði umsvifalaust.

Spörvar Líknarfélag starfar undir eftirliti Gæða og eftirlitsstofnunnar velferðarmála og er því hluti af velferðarþjónustu í landinu en ekki leigumiðlun.

Hér eftir fara reglur hússins sem gefa rekstraraðilum að grípa STRAX til aðgerða ef reglurnar eru brotnar.

ÖLL neysla áfengis, fíkniefna, stera og annara hugbreytandi efna er bönnuð og varðar skilyrðislausan brottrekstur af áfangaheimilinu.

Ef grunur um neyslu kemur upp er forstöðumanni heimilt að vísa viðkomandi út, fara fram á blóðsýni eða þvagsýni og gera leit í herbergi viðkomandi. Ef íbúi neitar að fara í fíkniefnapróf þá missir hann réttinn á búsetu í Draumasetrinu.

Íbúar halda sjálfir sínum herbergjum hreinum og snyrtilegum. Forstöðumaður eða umsjónarmaður hússins getur farið fram á að líta yfir herbergi ef ástæða þykir.

Sameiginlegar vistaverur hússins, s.s eldhús, salerni, o.s.frv. eru þrífín samkvæmt þrífáplani og er öllum íbúum hússins skylt að taka þátt í því.

Vismönnum er skylt að taka þátt í allri dagskrá hússins. Undanþágur frá því eru einungis veittar vegna vinnu og þá í samráði við forstöðumann.

Reykningar eru bannaðar í húsinu nema á þar til gerðum stað.

Gæludýr eru ekki leyfð.

Samdráttur kynjanna er ekki leyfður.

Vismenn skulu vera komnir í hús fyrir 23:30, fyrsta mánuðinn. Eftir það er heimilt að vera úti til kl:01:00 á föstudögum og laugardögum. Ef, af einhverjum ástæðum vistmaður getur ekki komið fyrir þann tíma skal hringt í forstöðumann/umsjónarmann og gert grein fyrir sér.

Öll leyfi, næturlayfi, helgarleyfi eða önnur skulu gerð í samráði við forstöðumann.

Gestagangur er ekki heimill eftir kl.22:00. Næturgistingar hjá vistmönnum eru ekki leyfðar. Undantekningar þar á geta þó verið ef um börn eða nána ættingja er að ræða. Skal það gert í samráði við forstöðumann.

Kl. 22:00 skal vera orðið rólegt í húsinu. Þá skal ekki svo þvott eftir þann tíma. Hávaði frá sjónvörpum, hljómf lutningstækjum eða önnur háhreysti eiga ekki að vera eftir það.

Brot á þessum reglum hússins geta verðað við brottrekstur og er forstöðumanni heimilt að vísa vistmönnum út, ef ástæða þykir til.

Íbúar hússins skulu leggja sig fram við að umgangast aðra með vinsemd, virðingu, kurteisi og hjálpsmi

Spörvar Líknarfélag Reykjavík
Kt 411104-2650
Héðinsgata 10 / Stórhöfði 15
draumasetrid@draumasetrid.is

EFNAHAGSREIKNINGUR 2023

EIGNIR:

Fastafjármunir

<i>Eignfærður annar kostnaður</i>	<i>Kr. 178,300-</i>
<i>Eignfærður kostnaður v/Stórhöfði.....</i>	<i>Kr. 628,000-</i>
<i>Eignfærður kostnaður IKEA</i>	<i>Kr. 237,000-</i>
<i>Innanstokks munir á herbergjum</i>	<i>Kr. 785,000-</i>
<i>Eignfærður kostnaður hljómtæki</i>	<i>Kr. 290,000-</i>
<i>Skrifstofubúnaður (tölvur)</i>	<i><u>Kr. 210,000-</u></i>
<i>Fastafjármunir alls</i>	<i>Kr. 2,328,300-</i>

Veltufjármunir:

<i>Sjóður og bankareikningur</i>	<i>Kr. 3,574,308-</i>
<i>Viðskiptamenn</i>	<i>Kr. 420,000-</i>
<i>Vörubirgðir</i>	<i><u>Kr. 28,000-</u></i>
<i>Veltufjármunir</i>	<i>Kr. 4,022,308-</i>

Eignir alls Kr. 6,350,608-

Spörvar Líknarfélag Reykjavíkur
Kt. 411104-2650
Héðinsgata 10 105, Reykjavík.

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

EIGIÐ FÉ:

Höfuðstóll 31.12.2023	<u>Kr. 3,574,308 -</u>
Eigið fé alls	<u>Kr. 3,574,308 -</u>

SKULDIR:

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir alls	<u>Kr. 1,262,900-</u>
----------------------------	-----------------------

Skammtímaskuldir

SL Lífeyrissjóður	Kr. 222,300-
Birta lífeyrissjóður	Kr. 317,064-
Veitur.	Kr. 525,960-
Nova.	Kr. 43,361 -
Hringás.	Kr. 159,354-
GH 17 ehf.	Kr. 245,361-

Skammtímaskuldir alls	<u>Kr. 1,513,400 -</u>
-----------------------------	------------------------

<u>Heildarskuldir alls</u>	<u>Kr. 2,776,300-</u>
----------------------------------	-----------------------

<u>Skuldir og eigið fé alls</u>	<u>Kr. 6,350.608-</u>
---------------------------------------	-----------------------

SKÝRINGAR:

1. REKSTRARTEKJUR:

Leigutekjur v/íbúa	Kr. 50,905,398-
Tillegg Reykjavíkur vegna leigu	Kr. 5,790,247-
Stuðningur einstaklinga	Kr. 759,170-
Styrkur Alson ehf	Kr. 500,000-
Lions Ari Fróði styrkur.	Kr. 350,000-
Millifærð framfæsla íbúa RVK.....	Kr. 1,363,921-
Millifærð framfæsla önnur sveitarf.	Kr. 791,751-
Greiðslur frá HMS vegna íbúa	Kr. 27,191,213-
	<u>Kr. 87,651,700-</u>

2. VÖRUKAUP VEGANA BREYTINGA:

Byggingar kostnaður	Kr. 2,684,752-
Vörukaup vegna breytinga/húsgögn	Kr. 1,271,877-
	<u>Kr. 3,956,629-</u>

3. SKRIFSTOFUKOSTNAÐUR:

Fastur kostnaður skrifstofa sími.....	Kr. 608,761-
Fastur kostnaður NET, TV og SÝN	Kr. 1,097,320-
	<u>Kr. 1,706,081-</u>

4. LAUN OG STYRKIR:

Laun og launatengd gjöld	Kr. 20,747,854-
Styrkir	Kr. 582,658-
	<u>Kr. 21,430,512-</u>

5. HÚSNÆÐISKOSTNAÐUR:

Viðhald fasteignar/endurbygging	Kr. 3,956,629-
Húsaleiga Héðinsgata/Stórhöfði	Kr. 43,000,000-
Húsaleiga Geymslur/GH17	Kr. 3,985,000-
Sumarhús	Kr. 0-
Sorphirða	Kr. 1,214,643-
Rafmagn/hiti	Kr. 2,796,886-
Kostnaður gæsla/brunavarnir/tryggingar	Kr. 1,186,964-
Lóðarfélag Stórhöfði/Gjáhella	Kr. 322,890-
<u>Hreinlætisvörur / WC vörur.</u>	<u>Kr. 1,235,123-</u>
	<u>Kr. 57,698,135-</u>

6. ANNAR KOSTNAÐUR:

Ferða og ráðstefnu kostnaður	Kr. 234,409-
Bifreiðakostnaður	Kr. 2,993,914-
Endurgreidd leiga til íbúa.	Kr. 40,633-
Vextir og kostnaður	Kr. 89,234-
Námskeið / kennarar	Kr. 120,000-
<u>Matvara íbúa.</u>	<u>Kr. 833,925-</u>
	<u>Kr. 4,312,115-</u>

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 2023

REKSTRARTEKJUR

SUNDURLIÐUN

Rekstrartekjur **Kr. 87,651,700-**

REKSTARGJÖLD.

Skrifstofu kostnaður	Kr. 1,706,081-
Laun og launatengd gjöld	Kr. 20,747,854-
Lífeyrissjóður greiðslur.	Kr. 2,487,750-
Styrkir.....	Kr. 582,658-
Húsnæðiskostnaður	Kr. 57,698,135-
<u>Annar rekstrarkostnaður</u>	<u>Kr 4,312,115-</u>
Rekstrarkostnaður alls	<u>Kr. 87,534,593-</u>

Rekstrarhagnaður (tap) án fjár.tekna..... **Kr 117,107-**

FJÁRMAGNTEKJUR OG (GJÖLD)

Vaxtatekjur	Kr 76,019-
Vaxtargjöld / kostnaður mismunur	<u>Kr. -89,234-</u>
Alls	<u>Kr -13,215-</u>

ÓREGLULEGAR TEKJUR OG (GJÖLD)

Hagnaður (tap) ársins 2023 **Kr 103,982-**



ÁRSREIKNINGUR 2023

FYRIR

*SPÖRVAR LÍKNARFÉLAG
REYKJAVÍK
KT: 411104-2650*



Jafnréttisskimun

Netfang

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

Nafn verkefnis/tillögu

Þjónustusamningur við Spörvar líknarfélag Reykjavík vegna Draumaseturs, áfangaheimili

Tengiliður

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

Svið

VEL

Þjónustubáttur

Áfangaheimili

Jafnréttisskimun er framkvæmd vegna

Annað

Liggur fyrir fjárhagsáætlun fyrir tillöguna/verkefnið?

Já

Áætlaður kostnaður verkefnis

45000000 kr.

Lýsið tillögunni og markmiðum hennar



Tillagan felur í sér að veita Spörvar fjárhagslegan stuðning til að geta boðið íbúum Draumasetur, áfangaheimilis að sækja námskeiðið Fyrstu skrefin. Markmið námskeiðsins er að stuðla að áframhaldandi edrúennsku, læra að taka ábyrgð í samskiptum, vinna að fjármálum og tengslum við fjölskyldu sína. Gerður verður þjónustusamningur til 3ja ára.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti?

Já

Lýsið hvernig hugað var að kynja- og jafnréttissjónarmiðum þegar tillagan var undirbúin?

Flestir þeirra sem búa á Draumasetrinu eru karlar. Konur hafa verið í kringum 8-10% íbúa í gegnum árin skv. uppl. forstöðumanns. Allir íbúar Draumaseturs geta sótt námskeiðið óháð kyni en námskeiðið er þó einungis haldið á íslensku. Á samningstíma þarf að huga að möguleikum á að þau sem ekki hafa yfir íslenskri tungu að ráða geti nýtt sér námskeiðið. Öll kyn geta sótt um dvöl á áfangaheimilinu en ljóst er að meiri eftirspurn er af hálfu karla að heimilinu og kann þar að ráða að búsetuformið hentar síður konum.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Hvaða hópa fólks hefur tillagan áhrif á og hvernig?

Íbúar sem dvelja á áfangaheimilinu og stunda ekki nám, vinnu eða markviss endurhæfingarúrræði. Tillagan á að tryggja aukinn stuðning til þeirra sem eru að reyna að ná tökum á vímuefnavanda sínum og öðlast tækifæri til betra lífs.

Eru til kyngreind gögn um þá hópa?

Að hluta

Hvað segja gögnin?

Upplýsingar frá Draumasetrinu eru að konur eru í miklum minnihluta þeirra sem óska eftir búsetu á Draumasetrinu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um aldur, kyn eða þjóðerni íbúa en þeirra verður aflað á samningstímanum.

Hvaða gögnum þyrfti að afla/vera hægt að greina niður á kyn eða aðrar breytur?

Ræða þarf við þjónustusala um mögulega leiðir til að fá upplýsingar niður á kyn, aldur og þjóðerni þeirra sem dvelja á áfangaheimilinu.



Reykjavík



Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og, eftir því sem við á, þá hópa sem eru tilteknir í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? Vinsamlegast rökstyðjið

Tillagan stuðlar að því að styrkja Draumasetrið til að veita íbúum aukinn stuðning til lífs án neyslu vímuefna. Mikilvægt er að áfangaheimili geti stutt íbúa með faglegri ráðgjöf, fræðslu og jafningjahandleiðslu sem eykur líkur á því að einstaklingar nái tökum áfengis- og vímuefnaneyslu sinni. Öll geta sótt um dvöl á áfangaheimilinu en gögn benda til að markhópur Draumaseturs séu karlar, flestir af íslenskum uppruna.

Vinsamlega veldu hvað af eftirfarandi passar best við niðurstöðu jafnréttisskimunarinnar

Tillagan/Verkefnið hefur ekki áhrif á stöðu jafnréttis/viðheldur núverandi stöðu

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?

Óljóst

Annað?

Gert er ráð fyrir að tillagan fari fyrir velferðarráð þann 21. maí n.k.



Reykjavík